

Umhverfisstofnun
Ólafur A Jónsson
Suðurlandsbraut 24
108 REYKJAVÍK

Reykjavík, 12. janúar 2009
2009010018/42-8
SE/kj

Efni: Rannsóknarboranir við Kröflu í Skútustaðahreppi, tillaga að matsáætlun

Vísað er til bréfs Umhverfisstofnunar dags. 9. janúar 2009 þar sem óskað er álitis Náttúrufræðistofnunar Íslands á verndargildi jarðmyndana á fyrirhuguðum borsvæðum við Kröflu sem kynnt eru í tillögu að matsáætlun sem Landsvirkjun hefur lagt fram til meðferðar hjá Skipulagsstofnun.

Að mati Náttúrufræðistofnunar Íslands er verndargildi jarðmyndana á Kröflusvæðinu í meginatriðum þrjúþætt. Í fyrsta lagi er um að ræða myndanir og ummerki Kröfluelda (1975 - 1984) ásamt ummerkjum Mývatnselda (1724 - 1729), í öðru lagi jarðmyndanir tengdar megineldstöðinni Kröflu og í þriðja lagi yfirborðsummerki jarðhita á Kröflusvæðinu.

Kröflusvæðið hefur markast töluvert af mannvirkjagerð síðan framkvæmdir hófust á svæðinu upp úr 1970 og með fyrirhuguðum borunum mun mannvirkjasvæðið stækka til norðurs og austurs. Ummerki Kröfluelda (1975 - 1984) eru tiltölulega lítt röskuð. Nánar er fjallað um verndargildi ummerkja Kröfluelda í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um verndargildi jarðmyndana í Gjástykki. Ummerki um einn athyglisverðan þátt Mývatnselda er sprengigígurinn Víti en hann og Víti í Öskju eru einu gígarnir af þessu tagi sem þekkt er með vissu að hafi myndast eftir að landið byggðist. Samkvæmt svæðisskipulagi háhitasvæða í Þingeyjarsýslum 2007-2025 á svo að heita að Víti njóti hverfisverndar en verndarmörkin eru dregin fast við jaðra megingígsins þannig að hann fær engan veginn notið sín ef framkvæmdir ganga nærri honum eins og þegar hefur reyndar gerst með borteig fast austsuðaustan við gíginn. Við Víti eru einnig minni sprengigíggar sem myndast hafa um leið og megingígurinn og eru þeir óaðskiljanlegur hluti af þessari jarðmyndun. Tryggja þarf að ekki verði fleiri mannvirkjum komið fyrir fast upp við sprengigígana og leggur Náttúrufræðistofnun til að ekki verði staðsett mannvirki nær Víti og tilheyrandi sprengigígum en 500 m.

Ein atyglisverðasta myndunin innan Kröflumegineldstöðvarinnar er Hrafninnuhryggur, um 2,5 km langur og rís um 80 m yfir umhverfið. Hrafninnuhryggur er allur úr líparíti og hrafninn sem er ein af ásýndum líparíts er í beltum og á jöðrum hleina í háhryggnum. Fersk hrafninn úr Hrafninnuhrygg þykir sérlega falleg, biksvört með tæran glergljáa og er hún dílalaus. Stór stykki af ferskri og sérlega fallegri hrafninnu er helst að finna í suðurhluta hryggjarins.

Í skýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands frá 2006, Hrafninnu í Hrafninnuhrygg, Hrafninnuskeri og Austurbjöllum eftir Kristján Jónasson og Helga Torfason er verndargildi Hrafninnuhryggs

talið mjög hátt. Skýrslan er aðgengileg á heimasíðu stofnunarinnar. Hrafninnuhryggur naut verndar samkvæmt lögum nr. 36/1974, um verndun Mývatns og Laxár. Þau lög voru felld úr gildi við gildistöku laga nr. 97/2004 um verndun Mývatns og Laxár, en í ákvæði til bráðabirgða segir að Umhverfisstofnun skuli undirbúa friðlýsingar á svæðum sem ekki falla undir gildissvið laganna en eru engu að síður mikilvæg vegna merkra jarðmyndana eða landslagsgerða. Bæði Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands hafa lagt til að Hrafninnuhryggur verði friðaður. Í framlagðri matsáætlun Landsvirkjunar kemur fram að fyrirhugað sé að gera tvo borteiga um 200 m vestan við Hrafninnuhrygg en staðsetning er ekki skýrð nánar. Að mati Náttúrufræðistofnunar er óviðunandi að fara í slíka framkvæmd svo nálægt merkri jarðfræðimyndun og telur stofnunin að Hrafninnuhryggur þurfi helgunarsvæði sem er ekki minna en 500 m frá fjallsrótum.

Virðingarfyllst

Jón Gunnar Ottósson
forstjóri

Kristján Jónasson
fagsviðsstjóri jarðfræði



NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS